

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/3041*  
*komudagur 2.7.2008*

01. júlí 2008

Hér að neðan eru athugasemdir Félags geislafræðinga vegna frumvarps til laga um sjúkraskrár sem félaginu var sent til umsagnar.

1. í 3. gr., lið 13 sem fjallar um umsjónaraðila sjúkraskráa kemur fram að umsjónaraðili kerfa skuli vera læknar ef læknir er til að dreifa. Ef ekki þá má umsjónaraðili vera annar heilbrigðisstarfsmaður. Með því að veita læknum forgang að þessu leiti umfram aðra heilbrigðisstarfsmenn er verið að útiloka aðrar heilbrigðisstarfsmenn frá því að geta hlotið ráðningar í stöður sem fela í sér að hluta eða öllu leiti slíka umsjón. Félag geislafræðinga leggur til að setningin sem hljóðar „ Læknir, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé læknir ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara.” Verði svo hljóðandi „ Heilbrigðisstarfsmaður sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara.  
Með því er dregið úr útilokun annarra heilbrigðisstétta, en þeirra sem hefðin er fyrir að hljóti ráðningu í stjórnunarstöður innan heilbrigðiskerfisins.
2. í 6. gr. 1. lið eru taldar upp upplýsingar sem telja á upp í sjúkraskrá. Það er okkur ekki full ljóst af hverju starfsheiti og hjúskaparstaða skuli í öllum tilfellum skráð.

Virðingarfyllst  
Katrín Sigurðardóttir  
Formaður Félags geislafræðinga

Athugasemdirnar verða sendar bréflaga á næstu dögum